

Föstudaginn 17. maí 1991.

Nr. 21/1989.

**Karl Þorbergsson,  
Már Guðmundsson og  
Júlíus Valgeirsson**

(Gunnar Eydal hdl.)

gegn

**utanríkisráðherra og  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Sigrún Guðmundsdóttir hdl.).

Vinnusamningar. Kaupgjald. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur dómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1989. Krafa þeirra er sú, að stefndu verði dæmdir til að greiða þeim 13.896 krónur auk tiltekinnna vaxta og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndu gera aðallega kröfu um staðfestingu héraðsdóms og málskostnað hér fyrir dómi. Til vara krefjast þeir lækkunar stefnukröfu og þess, að málskostnaður falli niður.

Eins og rakið er í héraðsdómi, telja áfrýjendur sig eiga lögvarinn rétt til þess, að þeim verði greitt eftir uppmælingu fyrir málaravinnu í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli 24., 25. og 26. febrúar 1986, en þá segjast þeir hafa unnið í tiltekinni íbúð á varnarsvæðinu. Krafa þeirra er fundin með uppmælingu, og frá endurgjaldi eftir því launakerfi er dregið kaup, sem áfrýjendur segjast hafa fengið fyrir vinnu sína fyrrgreinda daga. Þeir hafa meðal annars lagt fram kröfu sinni til stuðnings svonefndan málefнасamning milli Meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum og Iðnsveinafélags Suðurnesja frá 15. mars 1984, en í 6. gr. samningsins segir m.a.: „Öll málun, utan sem innan húss, skal unnin skv. uppmælingar-taxta, og skal semja við sveina, áður en vinna hefst, um stærð hvers verks og um hve margir skulu vinna í því.“

Áfrýjendur eru allir iðnlærðir málarar. Þeir voru ráðnir til starfa

hjá varnarliðinu, og hafa ráðningarsamningarnir verið lagðir fram. Stefndu hafa fallist á aðild sína. Í ráðningarsamningunum segir, að áfrýjendum skuli greitt vikukaup, og er fjárhæð þess tilgreind, en einnig tímakaup í dagvinnu, yfirvinnu og næturvinnu. Í samningi áfrýjandans Karls, sem gildi frá 15. september 1985, er einnig kveðið á um verkfæragejald, fæðispeninga, ferðapeninga og kaffitímageiðslur. Þar segir og, að kaup og kjör séu samkvæmt samningum byggingamanna. Svipuð ákvæði voru í samningum annarra áfrýjenda. Ekki er um deilt, að áfrýjendur fengu greitt eftir ráðningarsamningunum með 20% álagi, a.m.k. á tímakaup. Þeir höfðu um skeið árangurslaust reynt að fá greiðslur eftir uppmælingu, en fyrirsvarsmenn varnarliðsins verið andvígir því fyrirkomulagi og svokölluð kaupskrárnefnd, sem málið var lagt fyrir, ekki tekið ótvíræða afstöðu til ágreiningsins. Nefnd þessi hefur í tæplega 40 ár sagt til um það, sem um ræðir í lokaákvæði 4. tl. 6. gr. í viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra við meginmál laga nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess. Ákvæðið er svohljóðandi: „Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum“.

Áfrýjendur hafa, sem fyrr segir, leitt líkur að því, að málarar, sem störfuðu á Suðurnesjum 1986, hafi fengið greitt eftir uppmælingakerfi, en upplýsingar um það eru ekki óyggjandi. Þar við bætist, að áfrýjendur voru ráðnir til starfa hjá varnarliðinu gegn vikukaupi og fengu aðrar greiðslur að auki eftir ákvæðum í ráðningarsamningi þeirra og til viðbótar því, sem þar var um samið. Er ekki nægilega fram komið, hvernig uppmælingarþóknun fyrir vinnu í tiltekinni íbúð í 3 daga fær samrýmst umsömdu launakerfi. Af þessum sökum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Er ekki ástæða til að taka afstöðu til ágreinings aðila um það, hvernig sú 20% launauppbót, sem fyrr er vikið að, er til komin, eða til annarra röksemda, sem fram hafa verið færðar í málinu.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nóvember 1988.

### I.

Mál þetta, sem dómtekið var ... (sic) nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Karli Þorbergssyni, nnr. 5519-8276, Bjarmalandi 14, Sandgerði, Má Guðmundssyni, nnr. 6322-4596, Selsvöllum 18, Grindavík, og Júlíusi Valgeirssyni, nnr. 4418-1957, Borgarvegi 16, Njarðvík, með stefnu, birtri 25. janúar 1988, á hendur utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til greiðslu launa og orlofs, að fjárhæð kr. 15.208,03, auk [nánar tiltekinna vaxta svo og málskostnaðar].

Stefndu gera þær kröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara krefjast þeir lækknar á dómkröfum stefnenda og að málskostnaður falli niður í því tilvik.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

### II.

Málavexti og málsástæður kveða stefnendur vera þessar:

Í 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, sem hlotið hafi lagagildi hér á landi með lögum nr. 110/1951, segi svo: „Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum.“

Samkvæmt framangreindu ákvæði sé ljóst, að varnarliðið hafi ekki óheftan aðgang að íslenskum starfsmönnum á íslenskum vinnumarkaði. Varnarliðið hafi ekki gerst aðili að kjarasamningum íslenskra verkalýðsfélaga um kaup og kjör. Stuttu eftir komu varnarliðsins hingað til landsins hafi verið sett á laggirnar svokölluð kaupskrárnefnd. Muni tilgangurinn með stofnun hennar hafa verið sá að láta varnarliðinu í té fyrirmæli um, hver ráðningarkjör og vinnuskilyrði íslenskir starfsmenn skyldu hafa í samræmi við framangreint ákvæði 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamninginn. Nefnd þessi sé skipuð af stefnda utanríkisráðherra, og verði að telja, að hún hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenskra stjórnvalda og starfi með umboði frá þeim. Hafi verið litið svo á, að varnarliðinu beri að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, er starfi í þágu þess.

Íslenskir iðnaðarmenn í þjónustu varnarliðsins hafi ávallt gert þá kröfu til kaupskrárnefndar, að öll fagstörf skyldu unnin í uppmælingu, enda hafi

fyrir löngu orðið samkomulag með iðnaðarmönnum og meisturum á íslenskum vinnumarkaði um að mæla öll verk með þeim hætti. Kaupskrárnefnd hafi ekki orðið við þessari beiðni iðnaðarmanna, en hafi þess í stað ákveðið iðnaðarmönnum sérstakan kaupauka vegna ákvæðis-, bónus- og þremíulauna, sem þeir eigi kost á á almennum vinnumarkaði. Á árinu 1981 hafi þannig verið ákveðið, að iðnaðarmenn skyldu að meðaltali hljóta 15% kaupauka vegna framangreindra atriða. Upphaflega hafi kaupauki málara með beinu samkomulagi við starfsmannahald varnarliðsins verið ákveðinn 20% ofan á tímakaup. Ekki hafi fengist upplýsingar um það, hvort kaupskrárnefnd samþykkti þessa ákvörðun formlega, en hún hafi gert það a.m.k. óformlega. Starfsmenn á málningarverkstæði varnarliðsins hafi þó talið, að ekki hefði verið að fullu staðið við samkomulag þeirra og starfsmannahalds varnarliðsins varðandi kaupauka þennan og hafi því sagt upp samkomulagi þessu með þriggja mánaða fyrirvara hinn 28. febrúar 1983. Hinn 5. febrúar 1984 hafi þeirri ósk verið beint til formanns kaupskrárnefndar, að nefndin úrskurðaði í máli þessu. Hinn 12. apríl 1985 hafi kaupskrárnefnd úrskurðað um launakjör málara, en þar segi m.a. svo: „Samkvæmt framansögðu og í ljósi þess, að mælingarvinna er yfirgnæfandi í störfum annarra málara, getur kaupskrárnefnd eftir atvikum fallið á, að málara, sem vinna hjá varnarliðinu, vinni samkvæmt uppmælingu, enda taki þeir þá í einu og öllu laun samkvæmt almennum kjarasamningum, eins og þeir gerast á almennum vinnumarkaði.“

Kaupskrárnefnd væntir þess, að varnarmálanefnd tilkynni réttum aðilum framangreinda ákvörðun.“

Í úrskurði kaupskrárnefndar frá 31. janúar 1986 segi m.a. til áréttingar, að það sé á misskilningi byggt, að nefndin hafi úrskurðað um meinta skyldu varnarliðsins til að láta mæla alla vinnu málara í viðhaldsverkum hjá varnarliðinu. Í áður nefndu bréfi, þ.e.a.s. frá 12. apríl 1985, segi einungis, að nefndin „geti fyrir sitt leyti fallið á, að málara, er vinna hjá varnarliðinu, vinni samkvæmt uppmælingu, enda taki þeir þá í einu og öllu laun samkvæmt almennum kjarasamningum, eins og þeir gerast á almennum vinnumarkaði“. Enn fremur segi í 2. tl. úrskurðarins:

„Heimild sú, er nefndin samþykkti viðvíkjandi breyttu launakerfi, nær einungis til málara, þ.e. fagmanna í málaraíðn.“

Eftir ákvörðun kaupskrárnefndar frá 12. apríl 1985 hafi stefnda utanríkisráðuneytinu, varnarmálaskrifstofu og starfsmannahaldi varnarliðsins verið tilkynnt bæði munnlega og skriflega, að krafist væri uppmælingar á alla vinnu málara, og í bréfi lögmanns Iðnsveinafélags Suðurnesja til stefnda utanríkisráðuneytisins hinn 17. janúar 1986 sé þessi krafa ítrekuð og jafnframt hótad málsókn, ef ekki verði farið að úrskurði kaupskrárnefndar.

Stefnendur hafi unnið málaraströf á vegum varnarliðsins. Dagana 24. til og með 26. febrúar 1986 hafi þeir unnið að uppmælingu í íbúð 629 CD á Keflavíkurflugvelli. Þetta afmarkaða verk í umræddri íbúð hafi þeir látið mæla upp. Ýmis önnur vinna hafi verið unnin á þessari íbúð af hálfu málara, en þessi ákveðna uppmælingarvinna hafi verið skýrt afmörkuð, og hafi komið sérstakur verkstjóri af hálfu starfsmannahaldsins á staðinn, er verkinu lauk, og skoðað uppmælingarvinnuna, gert við hana athugasemd og óskað lagfæringa á henni. Verkstjóri þessi hafi verið Gunnar Guðjónsson. Honum hafi einnig verið tilkynnt sú ákvörðun fyrir fram, að verkið yrði mælt upp. Verkstjórinn hafi sagt stefnendum, að hann myndi ekki skipta sér af því og hefði fyrirmæli í þá veru. Ástæða þess, að stefnendur létu ekki mæla störf sín strax eftir uppsögn samkomulagsins á árinu 1983, sé fyrst og fremst sú, að lög bönnuðu þá allar launabreytingar, og einnig hafi á þessum tíma farið fram viðræður milli aðila og ýtarlegar tilraunir hafi verið gerðar til þess að ná samkomulagi um þessi atriði. Því sé haldið fram, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hafi fyrir sitt leyti fallist á sjónarmið stefnenda um uppmælingu og hafi reyndar gefið starfsmannahaldi varnarliðsins þau fyrirmæli hinn 4. janúar 1986 að taka upp uppmælingu a.m.k. í 6 mánuði til reynslu. Starfsmannahaldið hafi þráast við, og hafi því ekki verið annað úrkosti (sic) en að hefja uppælingu á störfum, og sé mál þetta þannig til komið. Laun samkvæmt umræddri mælingu hafi verið samtals kr. 24.077,73 auk orlofs, kr. 2.448,70. Uppgjör þeirra og launagreiðslur vegna þessa sérstaka verks hafi verið byggðar á tímakaupi með hinu sérstaka álagi, samtals kr. 11.318,40. Mismunur með orlofi sé því kr. 15.208,03, þ.e. stefnufjárhæðin.

Stefnendur vilji ekki una þessari greiðslu úr hendi starfsmannahalds varnarliðsins. Þeir bendi á, að kaupskrárnefnd, sem vafalaust sé sá aðili, sem úrskurði kaup íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu, hafi gefið málurum á vegum varnarliðsins rétt til að krefjast mælingar fyrir vinnu sína. Niðurstaða kaupskrárnefndar þýði í raun, að almennir kjarasamningar gildi á svæðinu.

Lagarök kveða stefnendur vera þessi:

Stefnendur byggi á 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkja-anna og eignir þeirra, sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 110/1951. Þar sé varnarliðinu skylt að fara að íslenskum lögum og venjum um ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu. Þetta þýði í raun, að innan vallarsvæðis skuli gilda sömu launakjör og vinnuskilyrði sem utan vallarsvæðis, enda geti það ekki verið ætlun löggjafans, að innan vallarsvæðis sé annað launa- og starfskjarasvæði en utan þess. Það hafi verið hlutverk kaupskrárnefndar að sjá um framkvæmd þessa ákvæðis, þannig að kjörin væru sem sambærilegust.

Þrátt fyrir samninga aðila vinnumarkaðarins um tvímælalausa mælingarskyldu hafi kaupskrárnefnd þó þess í stað ákveðið iðnaðarmönnum innan vallarsvæðis sérstakan kaupauka í staðinn, þ.e.a.s. vegna hvetjandi launakerfa á almennum vinnumarkaði á Íslandi. Þannig hafi starfsmenn á málningarverkstæði varnarliðsins og í þeirra hópi stefnendur þessa máls gert með sér sérstakt samkomulag um 20% kaupauka, sem þó hafi verið sagt upp vegna vanefnda með þriggja mánaða fyrirvara hinn 28. apríl 1983, eins og áður greini. Þá þegar hafi umræddir starfsmenn talið sig eiga rétt til uppmælingar í anda kjarasamnings, og hafi þeir beint kröfunni til kaupskrárnefndar, þegar ekki varð samkomulag um slíkt milli þeirra og starfsmannahaldsins. Stefnendur haldi því fram, að kaupskrárnefnd hafi með úrskurði sínum 12. apríl 1985 tekið nýja ákvörðun um launakjör málara innan vallarsvæðis, þar sem nefndin tók ekki ákvörðun um nein önnur launakjör en þau að vísa til almennra kjarasamninga. Á Suðurnesjum sé í gildi málefнасamningur milli Meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum og Iðnsveinafélags Suðurnesja. Þar segi í 6. gr., að öll málun, utan sem innan, skuli unnin samkvæmt uppmælingartaxta. Eftir ákvörðun kaupskrárnefndar sé starfsmannahaldinu örugglega skylt að fara samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Stefnendur bendi á lög nr. 55/1980 um starfskjör launþega í því sambandi að auki, en þar sé bundið lögum, að kjarasamningur skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, sem samningurinn taki til.

Vegna úrlendisréttar varnarliðsins á Íslandi leiði það, að leggja verði á stefndu ábyrgð gagnvart stefndum á því, að yfirstjórn varnarliðsins greiði fullnægjandi laun fyrir þeirra störf. Tjón stefnenda af þessari einu uppmælingu sé mismunur mælingar og þeirra launa, sem þeir hlutu fyrir umrædd störf úr hendi starfsmannahalds varnarliðsins auk orlofs.

Á dskj. nr. 3. sé útreikningur eins stefnenda, Karls Þorbergssonar, sem ráðinn hafi verið verkstjóri, sbr. dskj. nr. 4. Dskj. nr. 3 sé um skiptingu tímakaups með álagi, eins og það hafi verið greitt af starfsmannahaldi varnarliðsins. Útreikningur launanna hafi hins vegar farið fram hjá starfsmannahaldinu, þ.e.a.s. nákvæmlega um þá tíma, sem unnir voru við þennan afmarkaða hluta ákvæðisvinnunnar, sem dskj. nr. 5 taki til. Mismunurinn á dskj. nr. 3 og 5 að viðbættu orlofi sé stefnufjárhæðin í málinu.

Stefndu kveða málsatvik, málsástæður og lagarök vera þessi:

Karl Þorbergsson hafi verið ráðinn málari 6. júní 1979, Már Guðmundsson 14. maí 1979 og Júlíus Valgeirsson 10. júní 1976. Starfsumsóknir þeirra hafi farið um hendur starfsmanna ráðningarskrifstofu varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, en ráðning hafi farið fram af hálfu starfsmannahalds varnarliðsins. Stefnendur hafi starfað óslitið hjá Bandaríkjustjórn til ársins 1986.

Samkvæmt ráðningarbréfum stefnenda hafi farið um ráðningarkjör þeirra eftir kjarasamningi byggingamanna, er þá var í gildi, og hafi verið farið eftir þeim samningi síðan með áorðnum launabreytingum. Stefnendur hafi verið ráðnir til starfa á vikukaupi, en ekki í uppmælingu. Iðnsveinafélag Suðurnesja sé aðili að þessum kjarasamningi, en stefnendur hafi verið félagar í þeim samtökum.

Í upphafi árs 1981 hafi verið farið að greiða sérstakt álag ofan á kaup-taxta iðnaðarmanna hjá varnarliðinu. Samkvæmt úrskurði kaupskrár- nefndar hafi málarar fengið 20% álag ofan á grunntaxtakaup og trésmiðir og pípulagningarmenn 15%. Allt fram að þessum tíma hafi þessir aðilar, þ.m.t. stefnendur, fengið laun án sérstaks álags. Hér hafi verið tekið tillit til þess, að sums staðar á almennum vinnumarkaði hafi þessir launahópar fengið greidd laun eftir uppmælingu eða eftir öðrum bónuskerfum.

Í bréfi til starfsmannahalds varnarliðsins, dags. 28. febrúar 1983, undirrituðu af tveimur stefnenda m.a., komi fram, að þeir telji, að ekki hafi verið staðið rétt að framkvæmd kaupaukans. Þar sem samningar hafi ekki tekist um þetta efni, hafi þeir sagt honum upp frá og með 1. júní 1983. Stefnandi Júlíus hafi þó ekki verið í þessum hópi.

Upp hafi komið ágreiningur milli starfsmannahalds varnarliðsins og málara. Greitt hafði verið álag ofan á hæsta umsaminn taxa sambands byggingamanna á alla liði, sem bundnir voru við launataxta, en málarar einir vildu einnig fá 20% álag ofan á verkfæra-, fæðis- og flutningsgjöld. Um þessi atriði hafi ágreiningurinn snúist í upphafi, en þróaðist síðan í þá átt, að málarar einir fóru að krefjast uppmælingar á öll sín störf. Þessum kröfum hafi ætíð verið hafnað, enda hafi þær verið án grundvallar.

Nokkur bréfaskipti hafi farið fram í þessu deilumáli, og hafi kaupskrár- nefnd úrskurðað í því. Í kjölfar úrskurðar kaupskrár nefndar 12. apríl 1985 hafi farið fram óformlegar viðræður á milli starfsmannahalds varnarliðsins og málara. Þær hafi þó ekki leitt til sameiginlegrar niðurstöðu. Þá hafi deilur þessar verið ræddar óformlega utan dagskrár á fundi varnarmála- nefndar 14. janúar 1986.

Varnarliðið hafi ekki getað orðið við kröfum málara um uppmælingu verkefna málningarverkstæðisins, og hafi verið ákveðið að leggja það niður í þáverandi mynd og fela verktökum verkefni þess. Með bréfum til tveggja stefnenda, dags. 29. apríl 1986, hafi þeim verið sagt upp störfum frá og með 1. ágúst 1986 af framangreindum ástæðum. Már hafi sagt upp starfi sínu að eigin ósk 8. apríl 1986.

Um málsástæður og lagarök fyrir dómkröfum stefndu vísa stefndu í verulegum atriðum til dskj. nr. 11-12, 15, 26, 49, 51-52 og 54.

Aðalkröfu stefndu um sýknu byggja stefndu á því, að kaupskrár nefnd hafi um áratugaskeið látið varnarliðinu í té fyrirmæli um, hver ráðningar-

kjör og vinnuskilyrði íslenskir borgarar í þjónustu Bandaríkjastjórnar skuli hafa í samræmi við ákvæði 4. tl. 6. gr. 1. nr. 110/1951. Dómstólar hafi staðfest, að kaupskrárnefnd hafi verið stofnuð að fyrirmælum íslenskra stjórnvalda og starfað með umboði frá þeim. Varnarliðinu beri að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um kjör starfsmanna, sem starfi í þágu þess.

Varnarliðið hafi jafnan litið svo á, að af Íslands hálfu hafi kaupskrárnefnd verið til þess kvödd að gefa því fyrirmæli um ráðningarkjör hinna íslensku starfsmanna þess. Starfsmannahaldi varnarliðsins sé óheimilt að gera af sjálfsdáðum nokkrar ráðstafanir um ráðningarkjör Íslendinga, nema fyrir liggi ákvörðun hlutaðeigandi íslenskra stjórnvalda, þ.e. kaupskrárnefndar, er tilkynnist varnarliðinu á hefðbundinn hátt. Varnarliðið hafi ætíð fylgt úrskurðum kaupskrárnefndar.

Samkvæmt fyrirmælum kaupskrárnefndar hafi ráðningarkjör, þ.e. vinnulaun, launauppbætur og vinnuskilyrði íslenskra byggingariðnaðarmanna í þjónustu Bandaríkjastjórnar farið eftir kjarasamningi byggingamanna, eins og hann hafi verið á hverjum tíma. Sá kjarasamningur, sem hér sé átt við, sé nú að meginstofni á dskj. nr. 23.

Kaupskrárnefnd hafi hvorki fyrr né síðar gefið varnarliðinu fyrirmæli um að taka upp uppmælingarkerfi á störf málara eða greiða þeim laun eftir uppmælingu. Í úrskurði sínum frá 12. apríl 1985 hafi kaupskrárnefnd alls engin fyrirmæli gefið um breytingu á launakjörum málara, svo sem nefndin árétti á dskj. nr. 12. Í bréfi kaupskrárnefndar til ríkislögmans frá 13. janúar 1987, sbr. dskj. nr. 49, komi fram, að nefndin hafi um áratugaskeið haft úrskurðarvald um kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins og að nefndin hafi úrskurðað, að öll vinna málara skyldi greidd með 20% álagi á gildandi kauptaxta. Þessi úrskurður hafi verið talinn bindandi í skiptum varnarliðsins og starfsmanna þess. Í úrskurði nefndarinnar frá 12. apríl 1985 hafi verið vikið frá þessari almennu reglu um bundið kaupgjald og aðilum gefinn kostur á að velja um tvenns konar launakerfi, þ.e.a.s það, sem verið hafði, og eins hitt að vinna verk samkvæmt uppmælingu. Í bréfinu sé sérstaklega áréttað, að þessi heimild nefndarinnar til vals á milli launakerfa hafi síðar reynst misskilin, þar sem því hafi verið haldið fram, að nefndin hafi felld fyrra launakerfi úr gildi og boðið aðilum að taka annað upp. Þessi misskilningur hafi verið leiddrættur í bréfi nefndarinnar frá 31. janúar 1986.

Samkvæmt framanröktu sé vafalaust, að kaupskrárnefnd hafi engin fyrirmæli gefið varnarliðinu um að taka upp uppmælingu á verk málara. Hins vegar hafi hún heimilað aðilum að taka upp uppmælingarkerfi, næðu þeir samkomulagi um það og ef slíkt væri framkvæmanlegt. Í 3. - 4. tl. bréfs nefndarinnar á dskj. nr. 12 komi fram, hvaða reglur gildi, þegar unnið sé samkvæmt uppmælingu. Af bréfi nefndarinnar til ríkislögmans

sé ljóst, að ef aðilar næðu ekki samkomulagi um breytt kerfi, færu ráðningarkjör málara áfram eftir gildandi launakjörum, þ.e. kjarasamningi byggingamanna ásamt 20% álagi. Af þessu megi ljóst vera, að málefnasamningur á dskj. nr. 22 hafi ekki gildi hjá varnarliðinu, heldur eigi þar við kjarasamningur byggingamanna á dskj. nr. 23.

Varnarliðið hafi ekki deilt um skyldu sína til að greiða málurum í samræmi við lög og kjarasamninga eftir ákvörðun kaupskrárnefndar og hafi ætíð farið eftir fyrirmælunum nefndarinnar í því efni. Hins vegar hafi kröfum málara um uppmælingu verið hafnað, þar sem slíkt kerfi hafi verið ósamrýmanlegt stjórnkerfi varnarliðsins og erfitt að koma slíku kerfi á. Ekkert samkomulag hafi orðið á milli aðila um uppmælingu, og hafi ráðningarkjör því verið óbreytt.

Einhliða tilkynningar málara um uppmælingu hafi enga þýðingu í málinu, auk þess sem það sé ekki á færi launþega í vinnuréttarsambandi að breyta ráðningarkjörum sínum með einhliða yfirlýsingu án samþykkis vinnuveitanda.

Þá sé mótmælt sem röngum fullyrðingum stefnenda um, að varnarmála-deild utanríkisráðuneytisins hafi fyrir sitt leyti fallist á sjónarmið stefnenda um uppmælingu og hafi gefið starfsmannahaldi varnarliðsins þau fyrirmæli að taka upp uppmælingu í a.m.k. 6 mánuði til reynslu. Um þátt og valdsvið varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í þessu máli nægi að vísa til dskj. nr. 54.

Með vísan til alls framanritaðs hljóti að vera ljóst, að kröfur stefnenda á hendur stefndu vegna þáttar varnarliðsins í þessu máli séu algjörlega án grundvallar.

Þá skuli jafnframt bent á í ljósi framangreinds um valdsvið kaupskrárnefndar, að það fái ekki staðist, að stefnendur hafi öðlast rétt til uppmælingar 1. júní 1983 og að samningur á dskj. nr. 22 hafi verið í gildi um ráðningarkjör þeirra. Auk þess skuli á það bent, að eingöngu tveir stefnenda sögðu 20% kaupaukanum upp, allir stefnenda hafi haldið áfram störfum sínum og tekið laun samkvæmt kjarasamningum byggingamanna ásamt 20% álagi og án þess að nokkrar ráðstafanir væru gerðar af hálfu aðila, til að verk þeirra væru unnin í uppmælingu. Þeir hafi fengið reglulega tilkynningar um allar launabreytingar og skv. hvaða kjarasamningum launin færu. Þá beri að benda á, að kjör stefnenda hafi að fullu verið í samræmi við kjör starfsbræðra þeirra á almennum vinnumarkaði. Með því að halda áfram störfum sínum með þessum hætti hafi stefnendur því fallið frá uppsögn álagsins, enda hafi þeir ekki gert fyrirvara við launagreiðslur til sín. Af þessu megi ráða, að í reynd hafi þeir talið, að kaupskrárnefnd ætti úrskurðarvald í málinu og eftir henni bæri að fara um kjör þeirra.

Með vísan til alls framangreinds og þar sem aðilar máls þessa virðist sammála um valdsvið kaupskrárnefndar, megi ljóst vera, að kröfur stefnenda falli um sig sjálfar. Stefnendur byggi málatilbúnað sinn ekki á því, að fyrirmæli kaupskrárnefndar hafi verið ólögmat og varði rikissjóð skaðabótaábyrgð utan samninga. Hljóti þetta að leiða til sýknu.

Þrátt fyrir það að stefnendur beri ekki brögður á lögmæti fyrirmæla kaupskrárnefndar og efnislegum forsendum þeirra, verði því ekki haggað í þessu máli, eins og málatilbúnaður stefnenda er grundvallaður, þá skuli engu að síður á það bent, að 4. tl. 6. gr. 1. nr. 110/1951 beri að skýra með þeim hætti, að ákvæðið taki til gildandi almennra kjarasamninga, svo sem kjarasamnings byggingamanna á dskj. nr. 23. Málefнасamningur á dskj. nr. 22 sé ekki kjarasamningur í skilningi ákvæðisins, heldur sé þar um að ræða samskiptareglur milli þeirra félaga, sem séu aðilar að honum og bindandi aðeins í skiptum þeirra aðila, enda bendi heiti samningsins til þess eins. Varnarliðið sé ekki aðili þessa samnings né VSÍ eða ASÍ. Hann gildi ekki hjá varnarliðinu. Hann fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem um kjarasamninga í skilningi laganna gildi. Ekkert sé kveðið á um kaup og kjör í honum. Hann sé því ekki kjarasamningur í skilningi 6. gr. 1. nr. 80 frá 11. júní 1938. Ef þessi samningur væri kjarasamningur skv. hugtaks-skilgreiningu, hefði hann verið tekinn upp í kjarasamning byggingamanna, en svo hafi ekki verið gert. Jafnframt styðji 1. gr. 1. nr. 55/1980 það, að um kaup og kjör stefnenda hafi átt að fara eftir kjarasamningi byggingamanna, en ekki samningi á dskj. nr. 22.

Þá hafi kaupskrárnefnd kynnt sér gögn um árslauð málara innan og utan vallar, og með vísan til þess samanburðar hafi hún hafnað hugmyndum um breytingu á álagsgreiðslunni, þar sem gögnin hafi með engum hætti stutt, að málarar í þjónustu varnarliðsins bæru skarðan hlut frá borði, en miklu fremur hið gagnstæða. Í þessu sambandi vísist til dskj. nr. 49.

Af framangreindu megi ljóst vera, að fyrirmæli nefndarinnar, hvað þetta mál snerti, hafi verið fyllilega lögmæt.

Á þá meginreglu skuli jafnframt bent, að þegar stjórnvöldum sé falin úrlausn tiltekinna atriða, eins og kaupskrárnefnd sé í þessu tilliti, þá sé það bundið takmörkunum, hvað dómstólar geti gengið langt í að endurskoða slíkar úrlausnir, en um áratugaskeið hafi nefndin haft úrskurðarvald um kjaraákvæðanir, er lúti að íslenskum starfsmönnum varnarliðsins.

Auk alls framangreinds skuli bent á, að almennum skilyrðum um uppmælingu á umstefndu verki hafi ekki verið fullnægt, sbr. 3. - 4. tl. dskj. nr. 12, enn fremur, að jafnvel þótt málefнасamningurinn á dskj. nr. 22 væri talinn gilda hjá varnarliðinu, hafi hann ekki átt við greint tilvik, auk þess sem ekki hafi verið fylgt ákvæðum hans um framkvæmd uppmælingu-

ar. Í því sambandi nægi t.d. að vísa til A - B-liðar 5. gr. og A-liðar 6. gr. samningsins.

Alls hafi 6 starfsmenn verið við málningarvinnu í íbúð 629 CD á tímabilinu frá 12. febrúar til 4. mars 1986. Ekki hafi verið um að ræða afmarkaða þætti í verkinu og reyndar ekki hægt að marka skil milli verkþátta málningar innan íbúðarinnar.

Varnarliðið hafi ekki átt aðild að svokallaðri uppmælingu stefnenda, og hafi hún verið framkvæmd einhliða af hálfu þessara málarasveina án aðildar vinnuveitanda eða meistara í hans þágu. Umrædd mæling hafi ekki verið gerð í samvinnu við stjórnendur varnarliðsins og sé því vinnuveitanda stefnenda algerlega óviðkomandi. Enginn meistari hafi verið að verki því, sem um sé deilt, af hálfu varnarliðsins. Stefnandi Karl hafi ekki starfað sem verkstjóri varnarliðsins umrædda daga, heldur sem málarasveinn, og hafi ekki gert frá 14. september 1985. Því sé útilokað, að hann hafi verið meistari verksins. Hann hafi ekki verið starfandi sem meistari hjá varnarliðinu umræddan tíma og hafi því enga heimild haft af vinnuveitanda hálfu til að staðfesta mælingu sem meistari þess. Ef um gilda uppmælingu hefði verið að ræða, hefði Gunnar Guðjónsson verkstjóri málaraverkstæðis varnarliðsins staðfest uppmælingu sem trúnaðarmaður vinnuveitanda og starfandi meistari. Það hafi hann ekki gert, og sé fullyrðingum stefnenda um hans þátt í málinu mótmælt sem röngum á grundvelli dskj. nr. 52. Varla haldi stefnendur Már og Júlíus því fram, að Karl Þorbergsson hafi verið vinnuveitandi og meistari þeirra.

Af framangreindu sjáist, að svokölluð uppmæling hafi verið markleysa frá upphafi til enda, og sé dskj. nr. 5 mótmælt á þeim grundvelli.

Stefnendur hafi þegar fengið greidd laun sín að fullu samkvæmt gildandi kjarasamningum vegna vinnu í íbúð 629 CD, sbr. dskj. nr. 26 og 51. Svokölluð uppmæling stefnenda taki til daganna 24.-26. febrúar 1986, og leggi þeir hana til grundvallar í málinu. Hins vegar hafi stefnendur Karl og Júlíus unnið í íbúðinni 24.-26. febrúar, hvor í 8 klst. hvern dag eða hvor samtals í 24 klst. Stefnandi Már hafi unnið í íbúðinni dagana 18.-21. febrúar í samtals 24 klst. Hann hafi því samtals unnið í 53 klst. í þessari íbúð. Alls hafi stefnendur unnið samtals í íbúðinni í 101 klst., sbr. dskj. nr. 38-41.

Með vísan til útreiknings og efnisraka á dskj. nr. 26, liðum 6-7, og dskj. nr. 51, liðum 5-6, sjáist, að summa launa Márs hafi numið kr. 15.319,64, summa launa Karls kr. 6.945,08 og summa launa Júlíusar kr. 6.945,08, samtals kr. 29.209,80. Við þetta bætist greitt orlof til stefnenda, kr. 3.385,42, og helgidagsgreiðslur kr. 1.007,74. Greiðslur til stefnenda fyrir vinnu í íbúðinni séu því samtals kr. 33.602,96, sbr. dskj. nr. 26 og 51.

Vilji svo ólíklega til, að ekki verði fallist á aðalkröfu stefndu, komi varakrafa til skoðunar, en hún byggist á því, að í útreikningi stefnanda Karls

á dskj. nr. 3, sem sé mótmælt, sé undir liðnum „Samtals innborgað“ eingöngu reiknaðar kr. 3.772,80 til hvers stefnanda og aðeins miðað við 18 dagvinnustundir samtals fyrir dagana 24.-26. febrúar. Hins vegar hafi hver stefnanda unnið í 8 klst. hvern þesara daga eða samtals í 24 klst. hver, sbr. dskj. nr. 38-41. Þeir hafi ekki verið skráðir í önnur verk þennan tíma. Um nánari sundurliðun og efnisrök vísist til dskj. nr. 26 og 51. Af þeim megi sjá, að stefnendur fengu samtals greidd laun fyrir 24.-26. febrúar kr. 20.835,24 í stað kr. 11.318,40, eins og stefnendur haldi fram. Með orlofi (11,59%) og helgidagsgreiðslum (3,45%) hafi stefnendur því fengið greiddar fyrir þessa daga samtals kr. 23.968,85. Af þessu sé ljóst, að stefnendur (sic) verði því ekki dæmdir til að greiða hærri fjárhæð en eftirstöðvarnar skv. þessu, þ.e. kr. 2.557,58.

Þá sé mótmælt kröfum um vexti frá fyrri tíma en þingfestingardegi þessa máls. Verði ekki fallist á það, sé gerð krafa um, að almennir sparisjóðsvestir, eins og þeir eru á hverjum tíma, verði dæmdir frá þeim tíma, er dómkrafan var fyrst sett fram á hendur stefndu með þingfestingu stefnu í fyrra máli. Kröfu um, að vextir leggist við höfuðstól í fyrsta sinn 1. apríl 1987, er mótmælt.

#### *Niðurstaða.*

Ágreiningslaust er með aðilum, að um kaup og kjör stefnanda skuli fara samkvæmt fyrirmælum kaupskrárnefndar.

Telja má upplýst, að 20% álag á greiðslur til málara var tekið upp í samræmi við ákvörðun kaupskrárnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir formlegur, skriflegur úrskurður um það atriði. Uppsögn málara á kaupaukanum var því ekki heimil, og bar varnarliðinu eftir sem áður að greiða umrætt álag á launin, sem það og gerði. Með því að veita þeim greiðslum viðtöku án athugaemda má líta svo á, að málara hafi sjálfir lagt þann skilning í málið, að þessi greiðslukjör skyldu gilda, meðan ekki hefði náðst samkomulag um annað.

Ákvörðun kaupskrárnefndar á dskj. nr. 11, að nefndin fallist fyrir sitt leyti á, að málara fái greitt samkvæmt uppmælingu fyrir störf sín, verður ekki skilin svo, að með henni sé fyrra launakerfi fellt úr gildi, enda hefði það þurft að koma skýrt fram, heldur verður þessi ákvörðun skýrð svo, eins og reyndar kemur fram í bréfi kaupskrárnefndar á dskj. nr. 12, að heimild hafi verið veitt til að semja um greiðslur samkvæmt uppmælingu, en að öðrum kosti skyldi eldra fyrirkomulag standa. Einhliða ákvörðun stefnanda um greiðslur samkvæmt uppmælingu átti þannig ekki stoð í framangreindri ákvörðun kaupskrárnefndar. Fyrir liggur, að greiðslukjör til málara utan vallarsvæðis voru ýmist samkvæmt uppmælingu eða tíma-

kaupi, og stóðu lög eða kjarasamningar því ekki gegn því, að slíkt val yrði heimilað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnenda, Karls Þorbergssonar, Bjarmalandi 14, Sandgerði, Más Guðmundssonar, Selsvöllum 18, Grindavík, og Júlíusar Valgeirssonar, Borgarvegi 16, Njarðvík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---